

3.5 *Innheimtugjald.*

Innheimtugjald vegna vanskila notanda	757	(942,47) kr.
Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	1 140	(1 419,30) kr.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.

Gjaldskrá þessi (B-HLUTI: Raforkugjöld og önnur gjöld) staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451/1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 609, dagsett 16. desember 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 77/1986 um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða.

1. gr.

8. töluliður 1. mgr. 3. gr. reglna um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða nr. 77/1986 falli niður.

2. gr.

Í stað núverandi 8. og 9. gr. reglna um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða nr. 77/1986 komi ný grein sem verður 8. gr. sbr. eftirfarandi. Númeraröð núverandi 10.-18. gr. reglnanna breytist í 9.-17. gr.:

Mat á afskriftapörf vegna útlána og annarra skuldbindinga og framsetning í ársreikningi skal vera með þeim hætti sem greinir í eftirfarandi töluliðum 1 til 8, sbr. ennfremur skýringar með ársreikningi.

- 1) Með skuldbindingum lánþega er átt við eftirfarandi liði í reglum þessum:
 - (a) útlán og endurlán, þar með taldir áfallnir vextir og þóknanir;
 - (b) ábyrgðir bankans/sparisjóðsins utan efnahags;
 - (c) ábyrgðarskuldbindingar lánþega vegna annarra lánþega bankans/sparisjóðsins;
 - (d) aðrar hugsanlegar skuldbindingar gagnvart bankanum/sparisjóðnum.
- 2) Með framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl. er átt við sérstök og almenn framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. en ekki tillög í afskriftareikning innan eigin fjár.
- 3) Með „sérstökum framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl.“ er átt við framlög til að mæta líklegum töpum á skuldbindingum þeirra lánþega sem sérstaklega hafa verið metnir í tapshættu.
- 4) Með „almennum framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl.“ er átt við framlög til að mæta töpum sem talin eru líkleg miðað við aðstæður á uppgjörstegi vegna skuldbindinga

- annarra lánþega en þeirra sem sérstaklega hafa verið metnir í tapshættu sbr. skilgreiningu á „sérstökum framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl.“ hér á undan.
- 5) Með „tillögum í afskriftareikning innan eigin fjár“ er átt við tillög sem ætlað er að mæta tapshættu á skuldbindingum lánþega í framtíðinni vegna aðstæðna sem kunna að eiga sér stað eftir uppgjörsdag.
 - 6) Með hliðsjón af gildandi reglum og góðri reikningsskilavenju skal bankinn/sparisjóðurinn framkvæma mat á afskriftaþörf vegna útlána og annarra skuldbindinga og bókfæra nauðsynleg framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. til að mæta líklegum töpum. Framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. skulu samanstanda af sérstökum og almennum framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl. Við útreikning á nauðsynlegum framlögum skal virði tryggingarandlaga reiknast í samræmi við ákvæði 11. töluliðar hér á eftir. Sérhver banki/sparisjóður skal setja sér innri starfsreglur til að fara eftir við framkvæmd ákvæða þessara reglna um mat á afskriftaþörf.
 - 7) Sérstök framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. Þegar banki/sparisjóður hefur metið skuldbindingar lánþega í tapshættu t.d. vegna vanskila, greiðslustöðvunar, gjaldþrots eða annarra aðstæðna lánþega svo sem vegna þess að gjaldþol, greiðslugeta, tekjuhæfi eða virði trygginga lánþega hafa rýrnað, skal bankinn/sparisjóðurinn meta afskriftaþörf vegna viðkomandi skuldbindinga og bókfæra nauðsynleg sérstök framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. Þegar banki/sparisjóður telur nauðsynlegt að bókfæra sérstök framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. skal meta nauðsyn þess að hætta að tekjufæra vexti og þóknanir vegna sömu skuldbindinga og hvort ástæða er til að bakfæra tekjufærða en óinnheimta vexti og þóknanir innan reikningsársins.
 - 8) Vanskil skuldbindinga. Þegar um er að ræða að lánþegi hefur ekki staðið í skilum með gjaldfallnar afborganir og vexti af lánum eða aðrar umsamdar skuldbindingar í yfir 12 mánuði skal bankinn/sparisjóðurinn leggja mat á afskriftaþörf vegna tapshættu á slíkum skuldbindingum. Komi í ljós að fjárhagsstaða lánþega og/eða fyrirliggjandi tryggingar séu þannig, að skuldbindingar hans teljast ekki fullnægjandi tryggðar skal:
 - hætta að tekjufæra vexti og þóknanir,
 - bakfæra tekjufærða en óinnheimta vexti og þóknanir innan reikningsársins,
 - bókfæra sérstök framlög í afskriftareikninga útlána o.fl.
 - 9) Almenn framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. Banki/sparisjóður skal í samræmi við góða reikningsskilavenju meta afskriftaþörf vegna tapa sem talin eru líkleg miðað við aðstæður á uppgjörsdegi vegna skuldbindinga annarra lánþega en þeirra sem sérstaklega hafa verið metnir í tapshættu sbr. 7. og 8. töluliði hér á undan. Almenn framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. reiknast á grundvelli tapreynslu í útlánastofninum, efnahagsástands, atvinnugreinaathugana og annarra aðstæðna sem hafa þýðingu við mat á tapshættu á skuldbindingum lánþega.
 - 10) Við breytingar á lánskjörum, sem hafa í för með sér að virði viðkomandi láns er verulega lægra en virði láns með venjulegum vaxtakjörum, skal færa mismuninn annars vegar til lækunar á áður bókfærðum tekjum innan reikningsársins og hins vegar sem töpuð útlán.
 - 11) Mat á yfirteknum eignum og tryggingarandlögum. Yfirteknar eignir og tryggingarandlög skulu metin til verðs með hliðsjón af því verðmæti sem ætla má að fengist fyrir viðkomandi eignir við sölu.
 - 12) Afskriftareikningar útlána o.fl. sem myndaðir eru með sérstökum og almennum framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl. skulu bókfærðir til frádráttar viðkomandi eignaliðum á eignalið efnahagsreiknings. Afskriftareikningur sem myndaður hefur verið vegna tapshættu á liðum utan efnahagsreiknings skal þó færður meðal skuldaliða. Sérstök og almenn framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. skulu gjaldfærð í rekstrarreikningi sem „framlög í afskriftareikninga útlána o.fl.“.

- 13) Færsla á tillögum í afskriftareikning innan eigin fjár sbr. 5. tölulið hér á undan. Tillög í afskriftareikning innan eigin fjár skulu bókfærð til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé og hækkunar á afskriftareikningi innan eigin fjár.

3. gr.

Í 1. mgr. 16. gr. reglna um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða nr. 77/1986 bætast við eftirfarandi töluliðir 10)-13):

- „10) reikningsskilaaðferð sem notuð er við mat á afskriftapörf vegna útlána og annarra skuldbindinga;
- 11) hreyfingar á afskriftareikningum útlána o.fl. á reikningsárinu. Sérstaklega skal tilgreina þá fjárhæð, sem gjaldfærð er í rekstrarreikning sem framlag í afskriftareikninga útlána o.fl., þá fjárhæð, sem færð er á tímabilinu sem endanlega afskrifuð útlán og þá fjárhæð, sem færð er til tekna vegna innheimtra en áður afskrifaðra útlána;
- 12) heildarfjárhæð afskriftareikninga útlána o.fl. á uppgjörssdegi;
- 13) heildarfjárhæð vaxtafrystra útlána í efnahagsreikningi, sem ekki hefur verið lagt til hliðar fyrir í afskriftareikningum útlána o.fl., svo og á hverju mat á bókfærðu virði sömu útlána er byggt.“

4. gr.

Reglur þessar eru settar með stöð í 37. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka og 41. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði og öðlast gildi fyrir reikningsárið 1992.

Viðskiptaráðuneytið, 23. desember 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Finnur Sveinbjörnsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku er taki gildi 1. janúar 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku nr. 458, 27. september 1991:
Liðirnir C.2 Daghitun, húshitun rofin og C.3 Næturhitun, húshitun, hækki um 4%. Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 23. desember 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.